

Flokkur	EFNI Margfeldistuðlar til að reikna takmarkað magn til flutnings → (sjá aths. (1) hér á undan)	Mesta magn á hverja flutningseiningu (brúttóþyngd)							ótak- mark- að
		A	B	C	D	E	F	G	
		<u>200</u> 5 kg	<u>50</u> 20 kg	<u>20</u> 50 kg	<u>10</u> 100 kg	<u>3</u> 333 kg	<u>2</u> 500 kg	<u>1</u> 1000 kg	
9	Efni eða hlutir flokkaðir undir 1° (b), 4° (c) eða 5°			X					
	Efni eða hlutir flokkaðir undir 1° (c), 6°, 7° eða 13° (b)				X				
	11° (c) og 12° (c)							X	
(1) Undanskilinn kælivökvi flutningatækja.									

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 553/1975, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 101 orðist svo:

101. Reglur þessar gilda um ný íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri. Reglurnar gilda einnig um gömul íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri, sem gangast undir þær breytingar eða endurbyggingar, sem munu hafa áhrif á stöðugleika þeirra. Breytingar á skipum, sem smíðuð voru fyrir 5. desember 1975, eru óheimilar, nema stöðugleiki þeirra eftir breytingu aukist frá því sem hann var fyrir breytingu. Stöðugleiki þarf þó ekki að vera meiri en skv. 5. gr. reglnanna. Ef breytingin telst meiriháttar, svo sem ef gerð er breyting á bol skips, sem áhrif hefur á hydrostatískar boglínur eða jafnhalla-boglinur, er breytingin óheimil, nema stöðugleiki eftir breytinguna uppfylli stöðugleikamörk skv. 5. gr. reglnanna.

2. gr.

Grein 102 orðist svo:

102. Siglingastofnun Íslands er heimilt að krefjast hallaprófunar og stöðugleikagagna fyrir skip, sem smíðuð voru fyrir 5. desember 1975.

3. gr.

Grein 104 orðist svo:

104. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá stöðugleikamörkum í 5. gr. reglnanna, ef stöðugleiki skipsins er á annan hátt nægjanlegur eða verkswið skipsins á einhvern hátt takmarkað. Undanþágan skal vera skrifleg og rökstudd. Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun skipa sem fá undanþágu skv. þessari grein.

4. gr.

Á eftir gr. 505 kemur ný grein er orðast svo:

506. Siglingastofnun Íslands er heimilt að krefjast sérstakra stöðugleikamarka fyrir skip, sem smíðuð voru fyrir 5. desember 1975. Þau skip skulu þó að lágmarki uppfylla eftirtalin stöðugleikamörk:

- a) Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterradianar að 30° hallahorni við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í 11. gr.
- b) Byrjunarmetasenterhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í 11. gr., nema í ísingartilvikinu, þar sem Siglingastofnun Íslands getur heimilað lægri byrjunarmálmiðjuhæð. Þó mega skip með heila yfirbyggingu (shelterdeck) og skip lengri en 70 m (L>70) hafa minni byrjunarmetasenterhæð í vissum tilvikum, háð mati Siglingastofnunar Íslands, en aldrei minni en 0,15 m.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun þessara skipa.

5. gr.

Á eftir 5. gr. kemur ný grein, 5. gr. a. er orðast svo:

5. gr. a.

Ákvæði til bráðabirgða.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita skipum, sem smíðuð voru 5. desember 1975 eða síðar, tímabundna undanþágu frá stöðugleikakröfum skv. 5. gr. reglnanna. Óheimilt er að veita slíka undanþágu skipum, sem eru smíðuð eða innflutt eftir 31. desember 1997 eða sæta breytingum eftir þann tíma. Undanþágan er háð því skilyrði að uppfyllt séu eftirtalin lágmarksstöðugleikamörk:

- a) Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meter-radianar að 30° hallahorni við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í 11. gr.
- b) Byrjunarmetasenterhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m við öll hleðslutilvik, eins og þau eru skilgreind í 11. gr., nema í ísingartilvikinu, þar sem Siglingastofnun Íslands getur heimilað lægri byrjunarmetasenterhæð. Þó mega skip með heila yfirbyggingu (shelterdeck) og skip lengri en 70 m (L>70) hafa minni byrjunarmetasenterhæð í vissum tilvikum, háð mati Siglingastofnunar Íslands, en aldrei minni en 0,15 m.

Undanþága sem veitt er skv. þessari grein gildir aldrei lengur en til þess tíma er haffærisskírteini rennur út eftir 31. desember 1999. Eftir þann tíma fellur undanþágan niður og skal útgáfa haffærisskírteinis til skipa, sem slíka undanþágu hafa fengið, vera háð því að skipin uppfylli stöðugleikakröfur skv. 5. gr. reglnanna.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun þeirra skipa sem fá undanþágu skv. þessari grein.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 7. janúar 1998.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.